

53 lausar, og við endurgreiðslu þeirra skal miða við sama gengi og þegar greiðslan fór 10. sept. fram.

6. gr.

Verði mismunur á „clearing“-reikningnum í hag öðrum hvorum samningsaðila þegar samningur þessi fellur úr gildi, skal jafna hann innan 6 mánaða með vörum. Verði samt slík krafa eigi greidd með vörum innan 6 mánaða frá því að samningur þessi fellur úr gildi, skal hún greidd í frjálsum gjaldeyri samkvæmt vali þess banka sem kröfuna á, innan eins mánaðar í viðbót.

7. gr.

Hlutaðeigandi bankar skulu koma sér saman um nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir varðandi framkvæmd gagnkvæmra greiðslna. Einkum skulu þeir koma sér saman um fyrirkomulag innborgana og greiðslufyrirmæla, og enn fremur varðandi stofnun bankaábyrgða. Samkomulag er um það, sem meginreglu, að hvað snertir bankaábyrgðir, sem stofnaðar verða á báða bóga, skulu bókanir á „clearing“-reikninginn fyrst fara fram, er útborgun hefur átt sér stað.

8. gr.

Samkomulag þetta er óaðskiljanlegur hluti viðskiptasamkomulags þess, sem undirritað hefur verið í dag. Gengur það í gildi jafn snemma viðskiptasamkomulaginu og gildir jafn lengi.

Budapest, 6. marz 1953.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Pétur Thorsteinsson.

Fyrir hönd ungverska Alþýðulýðveldisins

György Gerö.

54

10. sept.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli Péturs Benediktssonar, sendiherra Íslands í París, og M. de Courcel, f. h. utanríkisráðherra Frakklands, var hinn 5. júní 1953 gert samkomulag um 6 mánaða framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951, þ. e. til 30. september 1953.

Samkvæmt samkomulagi þessu er heimiluð sala til Frakklands á ofangreindu tímabili á fiski frá Íslandi, nýjum og frystum, fyrir 190 millj. franskra franka, og ýmsum öðrum vörum, svo sem laxi og silungi, nýjum og frystum, fiskniðursuðu og frystum hrognum fyrir 35 millj. franskra franka.

Af þeirri 35 millj. franka upphæð er 20 millj. franka kvóti fyrir sjálft Frakkland, 10 millj. franka kvóti fyrir Norður-Afríku og 5 millj. franka kvóti fyrir aðrar nýlendur Frakka.

Ríkisstjórn Íslands á samkv. samkomulaginu að leitast við að halda jafnvægi í viðskiptum Íslands og Frakklands, og á sérstaklega að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um innflutningsleyfi fyrir vínun og brenndum drykkjum frá Frakklandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.